

Miðvikudaginn 20. marz 1946.

Nr. 132/1944. Gunnar Bjarnason (Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn

Þorleifi Ben. Þorgrímssyni

og

Sigrúnu Pétursdóttur

(Hrl. Einar Ásmundsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað Árna Tryggvasonar.

Verklaun dæmd.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. október 1944, skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. s. m. Hann krefst þess, aðallega að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða honum kr. 9676.92 með 5% ársvöxtum af kr. 9166.92 frá 2. nóvember 1943 til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæð eftir mati dómsins. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefndu eftir mati hæstaréttar. Stefndu gera þær dómkröfur, aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að þeim verði dæmt að greiða áfrýjanda fjárhæð samkvæmt mati hæstaréttar. Svo krefjast þau málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Mat það, er í málinu greinir, fór fram að tilhlutun Reykjavíkurbæjar vegna viðskipta bæjarins og stefndu, án þess að áfrýjandi ætti þar nokkurn hlut að máli eða væri kvaddur til réttargæzlu í sambandi við það. Verður matsgerðin því ekki lögð til grundvallar í máli þessu.

Ágreiningslaust er, að greiðslur áfrýjanda fyrir verk þau, er hann lét vinna fyrir stefndu, að viðbætti umsaminni þóknun til hans, nemi fjárhæð þeirri, er hann krefur stefndu um. Stefndu hafa ekki leitt sönnur að því, að einstakir liðir í reikningum áfrýjanda, er lagðir hafa verið fram, séu rangir, né að þeir gallar hafi verið á framkvæmd verksins, að lækka beri kröfu áfrýjanda af þeim sökum.

Ber því að taka kröfu áfrýjanda um greiðslu kr. 9676.92 til greina með vöxtum, eins og krafizt er.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Þorleifur Ben. Þorgrímsson og Sigrún Pétursdóttir, greiði in solidum áfrýjanda, Gunnari Bjarnasyni, kr. 9676.92 með 5% ársvöxtum af kr. 9166.92 frá 2. nóvember 1943 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað, en málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. nóv. 1943, af Gunnari Bjarnasyni forstjóra, Viðimel 65 hér í bæ, gegn Þorleifi Ben. Þorgrímssyni og Sigrúnu Pétursdóttur, báðum til heimilis að Bergstaðastræti 2 hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum, að fjárhæð kr. 9166.92, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt reikningi. — Með framhaldsstefnu, útgefinni 28. f. m., hefur stefnandi krafist stefndu til viðbótar um kr. 510.00 auk málskostnaðar.

Stefndu kröfðust í upphafi *aðallega* sýknu af kröfum stefnanda, en til vara. að þeim yrði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 2870.00. Við hinn munnlega máflutning breyttu stefndu kröfum sínum á þá lund, að þeim yrði aðeins gert að greiða kr. 2875.00, en málskostnaður félli niður.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1942 munu stefndu hafa fengið loforð forráðamanna Reykjavíkurbæjar um að fá á leigu lóðina nr. 100 við Laugaveg hér í bæ, enda fullnægðu þau venjulegum skilyrðum til að fá lóðarleigusamning, en sá siður mun vera hjá Reykjavíkurbæ að gera eigi lóðarsamning, fyrr en grafið hefur verið fyrir húsi og botn steypur í grunni.

Stefndu munu síðan hafa látið byrja á að grafa fyrir húsi á lóðinni. Þann 7. ágúst 1942 tók stefnandi að sér að ljúka við greindan grunngröft, svo og, að því er virðist, að byggja hús á lóðinni. Skýrir stefnandi svo frá, að hann hafi verið tregur til að taka að sér nefnt verk, en stefndu hafi lagt mjög fast að sér, þar sem búast mætti við, að lóðin yrði annars tekin af þeim. Kveðst stefnandi síðan hafa tekið að sér verkið, en tekið það

fram, að ekki væri unnt sakir mannekle að hraða því. Svo hafi verið um samið, að verkið skyldi greiðast vikulega eftir á samkvæmt reikningi, en stefnandi skyldi frá 15% af útlögðu fé sem þóknun. Vinna hafi síðan hafizt um 14. ágúst og hafi verið unnið í þrjár vikur, en ekkert fengizt greitt frá stefndu. Hafi þá verið hætt vinnu, en þann 14. sept. 1942 hafi stefndu greitt kr. 1000.00 og lofað greiðslu framvegis á réttum tíma. Hafi síðan verið hafin vinna aftur, en stefndu þó ekki greitt neitt. Um 6. nóvember hafi vinna stöðvazt vegna vélarbilunar, og þann dag hafi stefndu greitt kr. 1500.00 og lofað reglulegum greiðslum framvegis, en það hafi eigi verið efnt. Um þessar mundir virðast forráðamenn bæjarins hafa gefið í skyn, að lóðin yrði tekin af stefndu. Kveðst stefnandi þá hafa fengið frá stefndu afsal (dags. 7. nóv. 1942) fyrir lóðinni svo og framsal á öllum rétti stefndu á hendur Reykjavíkurbæ, ef hann skyldi taka lóðina til sín, og hafi skjal þetta átt að vera trygging til sín fyrir greiðslunni frá stefndu, en ekki hafi átt að beita því sem afsali, ef þau stæðu í skilum. Hins vegar gaf stefnandi stefndu yfirlýsingu, dags. sama dag, þar sem hann skuldbatt sig til að byggja hús á lóðinni, ef til kæmi. Þann 11. nóv. ritaði síðan stefnandi bréf til borgarstjóra og skýrði honum frá orsökum þeirra tafa, sem orðið hefðu á grunngeftri í lóðinni. Forráðamenn bæjarins virðast hafa tilkynnt stefndu um miðjan nóvember, að þeir tækju lóðina af þeim, vegna þess að lítið gengi með húsbygginguna, og þann 20. nóv. ritar stefnandi bæjarráði bréf, þar sem hann óskar þess, að lóðin verði leigð sér, ef þess sé enginn kostur, að stefndu fái að halda henni. Forráðamenn bæjarins virðast ekki hafa sinnt þessu og sviptu stefndu rétti til lóðarinnar. Buðu þeir þeim greiðslu eftir mati fyrir mannvirki þau, er á lóðinni voru. Telur stefnandi, að stefndu skuldi sér hina umstefndu fjárhæð fyrir nefndan grunngröft, og hafi þau reynzt ófáanleg til að greiða þetta, þrátt fyrir það að þau hafi verið krafín og þau hafi marglofað greiðslu.

Stefndu hafa skýrt svo frá, að eftir að þau fengu rétt til nefndrar lóðar, hafi stefndi Þorleifur hafið gröft fyrir húsi á lóðinni og eytt í það nokkru fé. Síðan hafi byggingameistari einn tekið við verkinu. Þegar stefnandi hafi tekið við, hafi verið búið að grafa og aka burtu um 200 m³ úr grunninum. Vinnubrögð hjá stefnanda hafi gengið sérstaklega seint, og oft hafi ekkert verið unnið í marga daga. Auk þess hafi sumt af því, er unnið var, verið gagnslaust. Þannig hafi verið byrjað á skurði fyrir skólpleiðslu, sem ekki hafi verið notaður og mokað ofan í aftur. Telja stefndu, að vegna þess, hve verkið hafi gengið seint hjá stefnanda, hafi forráðamenn bæjarins tekið af þeim lóðina og leigt hana öðrum. Hafi stefnandi þannig valdið þeim stórtjóni. Þann 28. maí 1943 var af dómkvöddum yfirmatsmönnum metið verðmæti þess verks,

er unnið hafði verið í lóðinni, og töldu matsmennirnir það kr. 10375.00 virði. Töldu matsmennirnir gröft í lóðinni 250 m³, á kr. 25.00 hvern teningsmetra, skurðgröft 45 m³, á kr. 25.00 hvern teningsmetra, og sprengingar í skurði 10 m³, á kr. 300.00 hvern teningsmetra.

Stefndu, sem hafa ákveðið haldið því fram, að þau hafi ekki fengið sundurliðaðan reikning um vinnu þá, er stefnandi lét í té, fyrr en í máli þessu, telja reikninga stefnanda óhæfilega háa. Dómkröfur sínar byggja stefndu á áðurgreindu yfirmati. Telja þau, að búið hafi verið að grafa 200 m³ í lóðinni, er stefnandi tók við verkinu, og sé það samkvæmt matinu 5000.00 króna virði. Verk það, er stefnandi hafi látið í té, sé þannig 5375.00 króna virði, en þar upp í hafi hann fengið greiddar 2500.00 krónur, og sé því skuld sín kr. 2875.00.

Skrifstofustjóri stefnanda hefur borið fyrir dómi, að stefnda Þorleifi hafi verið sendir yfirlitsreikningar um hverja vinnuviku, jafnóðum og unnið var, en vinnuskýrslur og önnur frumgögn hafi stefndu ætíð staðið til boða á skrifstofu stefnanda. Hafa og verið lögð fram vottorð á þá lund, að stefndi Þorleifur muni hafa notfært sér þetta og enda fylgzt með vinnunni. Gegn ákveðnum mótmælum stefndu verður þó ekki talið sannað, að þeim hafi verið gerðir kunnir sundurliðaðir reikningar stefnanda, jafnóðum og verkið var unnið, og verður því ekki talið, að þau hafi samþykkt þá með þeim hætti né af þeim sökum, að stefndi Þorleifur, sem ekki mun vera byggingafróður, hafi fylgzt með verkinu. Að því er snertir verðmæti þess verks, er unnið var í nefndri lóð, þykir verða að leggja áður nefnt yfirmat til grundvallar, enda hefur því á engan hátt verið hnekkkt. Verður því gröftur sá, sem framkvæmdur var, talinn 10375.00 króna virði alls. Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Jóns Sigurðssonar verkfræðings, en hann mun starfa hjá Reykjavíkurbæ, þar sem hann telur, að þann 13. ágúst 1942 hafi hann að ósk bæjarverkfræðingsins í Reykjavík athugað þau mannvirki, er gerð höfðu verið á lóðinni nr. 100 við Laugaveg hér í bæ. Hafi þá verið búið að grafa og aka burt um 200 m³ af uppgreftri úr hússtaðinu. Eftir atvikum þykir verða að leggja þetta vottorð til grundvallar í málinu.

Samkvæmt framangreindu verður talið, að stefnandi hafi innt af hendi eftirtalda vinnu við nefndan grunngröft, sem verðleggst þannig:

1. Gröftur á lóð 50 m ³ á kr. 25.00 hver teningsmetri	kr. 1250.00
2. Gröftur á skurði 45 m ³ kr. 25.00 hver teningsmetri	— 1125.00
3. Sprengt í skurði 10 m ³ á kr. 300.00 hver teningsmetri	— 3000.00

Alls kr. 5375.00

Auk þeirra verka, er tekin eru með í nefndu yfirmati, er ljóst af hinum framlögðu vinnuskýrslum, að stefnandi hefur látið stefndu í té nokkra vinnu svo og efni, sem ekki er talin með í matinu.

1. Þann 14. okt. 1942 er unnið þrjá tíma að lagfæra girðingu um grunninn og goldið fyrir það kr. 17.65. Verk þetta er ekki tekið með í nefndu mati, og þar sem þessu hefur ekki verið sérstaklega mótmælt af stefndu, þykir verða að gera stefndu að greiða þessa upphæð að viðbætti umsaminni þóknun, 15%, eða alls kr. 20.30.

2. Þann 4. nóv. s. á. er enn unnið við nefnda girðingu og greitt fyrir það kr. 73.52. Með tilvísun til þess, er segir um lið 1, ber stefndu að greiða stefnanda þessa fjárhæð að viðbætti 15% þóknun, eða með kr. 84.52.

3. Í vikunni frá 18. til 24. nóv. s. á. virðist stefnandi hafa látið aka mól í veg að grunninum og goldið fyrir það kr. 109.20. Verk þetta virðist ekki vera tekið með í nefndu mati, og þykir því með tilvísun til þess, er segir um lið 1, verða að gera stefndu að greiða þessa fjárhæð að viðbættum 15%, eða alls kr. 125.58.

5. Þann 8. des. 1942 virðist stefnandi hafa látið stefndu í té girðingarnet, er kostaði kr. 300.00. Með tilvísun til þess, er segir um lið 1 hér að framan, ber stefndu að greiða stefnanda þessa fjárhæð að viðbættum 15%, eða alls kr. 345.00.

5. Þann 28. des. 1942 virðist stefnandi hafa látið stefndu í té rör fyrir kr. 148.00. Með tilvísun til þess, er segir undir lið 1 hér að framan, ber stefndu að greiða stefnanda þetta fé að viðbættum 15%, eða alls kr. 170.32.

Samkvæmt framangreindu ber stefndu að greiða stefnanda kr. 6120.72 (5375.00 + 20.30 + 84.52 + 125.58 + 345.00 + 170.32), að frádregnum kr. 2500.00, er þau hafa þegar greitt, eða alls kr. 3620.72.

Málalok verða því þau, að stefndu verða in solidum dæmd að greiða stefnanda kr. 3620.72 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Þorleifur Ben. Þorgrímsson og Sigrún Pétursdóttir, greiði bæði fyrir annað og annað fyrir bæði stefnanda, Gunnari Bjarnasyni, kr. 3620.72 með 5% ársvöxtum frá 2. nóvember 1943 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.